

Nd. 993. Frumvarp til laga

um sameining Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Selfossbyggð í Árnessýslu, sem vaxið hefur upp á mótum þriggja hreppsfélaga við Ölfusá, skal verða sérstakt sveitarfélag, er nefnist Selfosshreppur. Í hinum nýja hreppi eru þessar jarðir: Selfoss og Hagi ásamt Bjarkarspildu úr Sandvíkurhreppi, Hellir ásamt Fossnesi úr Ölfushreppi og sneið af Laugardælalandi í Hraungerðishreppi, er markast af beinni línu frá Virkisvörðu til hæsta klettsins á nyrzta ferjuholti í Hellislandi. Að öðru leyti eru landamerki jarða þeirra, sem að ofan eru taldar, hreppamörk hins nýja Selfosshrepps.

2. gr.

Flóagafllstorfan í Sandvíkurhreppi skal leggjast til Eyrarbakkahrepps.

3. gr.

Selfosshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlazi hafa eða öðlast kunna framfærslurétt á svæði því, er hreppurinn tekur yfir.

4. gr.

Skipti milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps á sameiginlegum eignum og skuldum núverandi Sandvíkurhrepps skal fara fram samkvæmt því, sem fyrir er mælt í sveitarstjórnarlögum.

Ölfushreppi og Hraungerðishreppi greiðir Selfosshreppur og fullar bætur fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin og lögð til hins nýja Selfosshrepps.

Á sama hátt greiðir Eyrarbyggðahreppur Sandvíkurhreppi (hinum nýja) fullar bætur fyrir missi tekna af því landsvæði, sem frá Sandvíkurhreppi er tekið og lagt til Eyrarbyggðahrepps.

5. gr.

Nú næst ekki samkomulag milli hreppsnefndar Selfosshrepps og hreppsnefndanna í Ölfushreppi og Hraungerðishreppi, eða milli hreppsnefndarinnar í Sandvíkurhreppi hinum nýja og hreppsnefndarinnar í Eyrarbyggðahreppi um bætur þær, er í 4. gr. getur, eða önnur ákvæði, er skiptin varða, og skal þá leggja ágreininginn í gerð. Skulu 5 menn skipa gerðardóminn. Þrjá þeirra kveður hæstiréttur og skipar einn þeirra formann dómsins, hreppsnefnd Selfosshrepps tilnefnir einn og hreppsnefndir hinna hreppanna, Ölfushrepps og Hraungerðishrepps, sinn manninn hvor, eftir því sem þeir hreppar eiga hlut að gerðinni. Á sama hátt tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps og hreppsnefnd Eyrarbyggðahrepps sinn manninn hvor í dóminn, að því er gerðin tekur til skipta þessara hreppa.

Ágreiningsmálum milli Selfosshrepps og Sandvíkurhrepps, er skiptin varða, má og skjóta til gerðardóms þessa, en þá tilnefnir hreppsnefnd Sandvíkurhrepps og hreppsnefnd Selfosshrepps sinn manninn hvor af sinni hálfu til að taka sæti í dómnum.

Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir þá aðila, sem að honum standa, og verður honum ekki áfrýjað.

Kostnað af gerðardóminum, að því er tekur til stækkunar Selfosbyggðar, greiðir Selfosshreppur eftir ákvörðun dómsins, þar með talin þóknun til fyrirsvarsmanna málsaðila.

Á sama hátt greiðir Eyrarbyggðahreppur kostnað af gerðardóminum að því er varðar skiptin milli Eyrarbyggðahrepps og Sandvíkurhrepps hins nýja.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1947. Allir, sem búsettir eru 1. janúar 1947 á svæði því, sem hinn nýi Selfosshreppur tekur yfir, öðlast þar samtímis kosningarrétt í sveitarstjórnarmálum, enda tekur Selfosshreppur á sig allar skyldur gagnvart þeim mönnum, sem lögmetu heimilisfangi fylgja.